

Fundargerð foreldraráðs og foreldrafélags 7.nóvember 2013.

Mættir: Sigurlaug, Heiða, Fríða, Linda, Valgerður og Þóra Björk.

Stjórn foreldrafélagsins skipti á milli sín verkum þannig að Inga verður áfram gjaldkeri, Fríða tekur að sér að vera formaður foreldrafélagsins og Guðmundur ritari. Formaður foreldraráðs verður Linda og Valgerður og Þóra Björk meðstjórnendur í foreldraráði.

Næst á dagskrá hjá foreldrafélaginu/ráðinu er að undirbúa jólaföndrið sem verður að öllum líkindum 7.desember kl.10-12. Eigum eitthvað að föndurefni síðan í fyrra sem þarf að kanna. Við kaupum Ribenapykkni og piparkökur og leikskólinn býður uppá kaffi. Sólveig á Bjartalundi opnar með okkur og græjar kaffið. Fríða hefur samband við formann foreldrafélagsins í Sæmundarskóla til að samræma tímasetninguna. Þegar hún er komin á hreint þarf að senda út póst á foreldra og auglýsa jólaföndrið. Fundur verður í næstu viku til að undirbúa föndrið.

Umræður um sveitaferðina á Grjóteyri. Spurning hvort ætti að leggja könnun fyrir foreldra um hvort þeir vilji halda þessari ferð eða nýta peningin í eitthvað annað eins og síðasta vetur. Fríða ætlar að panta á Grjóteyri 3.júní kl.9.30. Getum þá afpantað ef það verður niðurstaðan.

Umræður um lundinn. Vantar fjármagn næsta vetur til að reka lundinn. Foreldrafélagið/ráðið ætlar að senda inn tillögu að viðurkenningu fyrir lundinn í Orðsporið eða Hvatningaverðlaun . Einnig þarf að sækja um styrk í mars.

Afmæli leikskólans er 28.nóv. og haldið uppá það 30.nóv. með köku og leiksýningu í boði leikskólans. 29.nóv. er skipulagsdagur.

Umræður um sumarfrí en leikskólinn lokar í 4 vikur. Rætt var um að hafa lokunina viku fyrr núna en í fyrra. Hugmynd kom um að leggja könnun fyrir foreldra um hvaða óskir þeir hefðu varðandi sumarlokun.

Ritari: Fríða Kristjánsdóttir